

### Hvanneyrarbúið ehf. – 3. fundur stjórnar, Hvanneyri, 25. janúar 2016.

Mættir eru Þóroddur Sveinsson (ÞS; formaður), Pétur Diðriksson (PD), Jón Hallsteinn Hallsson (JHH; ritar fundargerð), Egill Gunnarsson (EG; bústjóri Hvanneyrarbúsins).

1. Fundargerð fyrri fundar tekin til samþykktar.
  - ✓ Fundargerð samþykkt án athugasemda.
2. EG fer yfir rekstrarstöðuna um ármót 2015/2016.
  - ✓ (EG) Ekkert óvænt í rekstri ársins 2015.
  - ✓ (EG) Unnið er að úttekt á skuldum Grímshaga/Hvanneyrarbúsins við Landbúnaðarháskóla Íslands.
3. Rekstraráætlun 2016 lögð fram til samþykktar.
  - ✓ (EG) Gert er ráð fyrir að tekjur af mjólk verði hærrí á árinu 2016, munar þar mest um aukið greiðslumark.
  - ✓ (EG) Framleiðsla árið 2015 var 461 000 L, ekki gert ráð fyrir að fara fram úr því. Það næst því ekki að nýta greiðslumarkið til fulls.
  - ✓ (EG) Rekstraráætlun gerir ráð fyrir 35% veltu (nýliðun) á kúahjörðinni.
  - ✓ (EG) Stefnt er að selja eitthvað af kvígum úr uppeldinu en þær tekjur eru ekki í rekstraráætlun.
  - ✓ (EG) Tekjur af nautgripum eru áætlaðar um 61 milljón árið 2016, aðrar tekjur verði um 12 milljónir (þ.m.t. t.d. heysala, leiga á aðstöðu og þjónustusamningur við Landbúnaðarháskóla Íslands).
  - ✓ (EG) Kostnaður: 30,3 milljónir í breytileg gjöld, t.d. áburður og kjarnfóður.
  - ✓ (EG) Áburðaráætlun fyrir sumarið 2016 liggur ekki fyrir en gert ráð fyrir sama áburðarkostnaði og 2015.
  - ✓ Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir árið 2016.
4. Ráðning endurskoðanda reikninga 2015.
  - ✓ Stjórn telur rétt að finna nýjan endurskoðanda ársreikninga. EG falið að ráða nýjan endurskoðanda.
5. Fóðuröflunin næsta sumar og endurræktunaráætlun – staða heybirgða.
  - ✓ (EG) Heybirgðastaða er góð og duga hey fram í miðjan ágúst miðað við núverandi gjöf.
  - ✓ (EG) Endurræktun í góðum farvegi, um 10 hektara í grænufóður sumarið 2016.
6. Staða uppgjors við Lárus Pétursson og Larpet ehf.
  - ✓ (ÞS) Stjórnarformaður á fund með Lárusi Péturssyni í næstu viku.
7. Staða uppgjors við stéttarfélag og lífeyrissjóði.
  - ✓ (EG) Unnið er í þessu máli.
8. Staða samninga við leigjendur í Þórulág.
  - ✓ (ÞS) Réttarsátt sem náðst hafði í málinu er í uppnámi og er málið komið til lögfræðinga af hálfu leigjenda.
9. Sala á tækjum.
  - ✓ (EG) Upp í sveit ehf. hefur gert tilboð í skádælu, brunndælu, brettalyftara og traktor á Hesti sem eru í eigu Hvanneyrarbúsins. EG falið að semja um söluna.
  - ✓ Gjafagrindur, ræktun og girðingar á Hesti og eru skráðar í fyrningaskýrslu Grímshaga ehf 2014 ættu að fara til Lbhí, Bústjóra (EG) falið að kanna hvernig best sé að ganga frá þessu máli. Ómögulegt er að hafa eignir í fyrningaskýrslu á afskriftum sem tilheyrir ekki búinu. Ljóst er að jörð, byggingar og bústofn á Hesti hefur rýrnað í tíð Grímshaga og eðlilegt að búið eftirláti þessar eignir vegna þess.

10. Samstarfssamningur Hvanneyrabúsins við Lbhí.
  - ✓ (ÞS) Engar efnislegar athugasemdir hafa borist vegna uppfærðs samstarfssamnings milli Hvanneyrabúsins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Ganga þarf frá útreikningum á endanlegum þjónustugjöldum milli aðila samningsins.
11. Önnur mál. ÞS tilkynnti að búið væri að flytja sauðfjárgreiðslumarki frá Hvanneyri að Hesti. Í ljós hefði komið að BÍ hefði hætt að greiða til Lbhí seint á árinu 2013 og verið væri að kanna hvort búið ætti inni greiðslur frá 2014 og 2015.
12. Heimsókn í fjósið og önnur mál rædd áfram. Farið var yfir skýrslu um úttekt á umgengni og gæðamál í fjósi en hún var unnin af Snorra Sigurðsson hjá SEGES að beiðni bústjóra (EG). Laga á ýmis atriði sem bent er á í skýrslunni og sem skipta máli.